




Logafold

safnaðarblað grafarvogssóknar

2. tbl. 26. árg. 2014



GRAFARVOGSSÓKN
25 ÁRA



Gjafakort Íslandsbanka

Gjög sem er alltaf efst á óskalistanum

Gjög sem þú getur verið viss um að hittir í mark
Gjafakort Íslandsbanka er gjög með endalaus
möguleika. Kortið gildir eins og önnur greiðslukort
jafnt í verslunum um allan heim og á netinu.

Þú færð gjafakortið í fallegum umbúðum
í næsta útibúi Íslandsbanka

islandsbanki.is

Netspjall

Sími 440 4000

Facebook

Íslandsbanki



ÓDÝRASTI VALKOSTURINN Í NETTÓ

VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ HVERAFOLD

nettó
Kræsingar & kostakjör

www.netto.is

Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

marknunn.is

Jólahugvekja

Hvers myndirðu helst sakna ef jólin væru tekin frá þér? Væru það gjafirnar? Jólamaturinn? Jólalögin eða jólaskreytingarnar? Ef við stæðum allt í einu frammi fyrir því að desember færi í hönd og myrkrið yrði sífellt svartara og ekkert væri til að hlakka til. Engin ástæða til að setja jólalög á fóninn, ekkert jólaskraut sem þyrfti að gramsa eftir í geymslunni, enginn bókunarlilmur eða hangikjötslykt. Hvers myndirðu þá sakna mest?

Líklega á hver og einn ólíkt svar við þessari spurningu, en sennilega myndist mörgum erfitt að benda á eitthvað eitt. Því að einhvern veginn samanstendur „jólstemningin“ svokallaða af þessu öllu saman, í ólíkum mæli og samsetningum eftir fjölskyldum og einstaklingum. Og svo eru sumir sem myndu kannski ekki sakna svo mikils. Allt þetta sem ég hef nefnt er kannski bara íþyngjandi og til þess fallið að auka á kvíða og vanlíðan sem fyrir er.

Á aðventunni og jólum óskum við hvert öðru gleðilegra jóla. Við leggjum sennilega ólíkan skilning í hvað eru gleðileg jól, en það að njóta gleði virðist tilheyra jólahaldinu. Á ensku segja menn „Merry Christmas!“ og jólahald í Englandi gengur mikið út á að skemmta sér, hafa gaman, segja brandara og hlæja. Ég held að við leggjum aðra merkingu í orðið „gleðileg.“ Á Íslandi er jólahaldið hátíðlegt og mikil áhersla lögð á samveru fjölskyldunnar. Það að njóta gleðilegra jóla á Íslandi snýst því mikið um samveru við þau sem við

elskum og njótum þess að eyða tíma með. Í Skandinavíu segir fólk síðan við hvert annað: „God Jul!“ Þar er áherslan ekki á gleðina, heldur að jólin verði fólki góð. Það er kannski ágætt að þurfa ekki alltaf að uppfylla kröfuna um gleðileg jól. Þessi hugsun um að jólin geti verið góð, þótt þau séu ekki gleðileg, getur kannski hjálpað þeim sem ekki treysta sér til að finna til mikillar gleði um jólin.

Því að ég held að jólin snúist ekki um gleði. Eða gjafir. Eða mat, skreytingar og tónlist. Við notum bara þessa hluti til þess að tjá þann sameiginlega skilning okkar að eitthvað stórkostlegt hafi gerst á jólinum. Og að eitthvað stórkostlegt gerist á hverjum einustu jólum. Það er ekki endilega eitthvað svo gleðilegt eða gott. Það er eitthvað allt annað, svo mikið að allar okkar tilraunir til að tjá það verða hálfgerð hjóm.

Á jólinum mætast himinn og jörð. Á jólinum fögnum við atburði sem er svo hversdagslegur í einfaldleika sínum. Atburði sem endurtekur sig stöðugt um allan heim en er samt svo heilagur og stórkostlegur í hvert sinn, að við upplifum að himininn vitji okkar. Að Guð vitji okkar. Og á jólinum fögnum við einmitt því. Guð vitjaði okkar. Í fæðingu Jesúbarnsins felst sjálft leyndarmál lífsins, Guð gerðist maður og deilir þar með kjörum með öllum manneskjum á öllum tímum.

Þess vegna þurfum við ekki að kvíða myrkrinu í desember. Ekki vegna þess að



Séra Arna Ýrr Sigurðardóttir

allar jólaseriurnar skreyta myrkrið, ekki vegna þess að jólasöngvarnir hljóma til að kæta okkur og við berum á borð það besta sem við eigum. Heldur vegna þess að þessir hlutir hjálpa okkur að tjá þann dýrmæta veruleika að lífið brýst inn í myrkrið og ekkert fær stöðvað það. Og yfir því getum við öll glaðst, hvert á sinn hátt. Hvort sem við hlökkum til að borða góðan jólamat, opna jólapakkana, njóta samveru með fjölskyldu og vinum eða kvíðum jafnvel fyrir því að jólin verði erfið, sársaukafull og þrungen sorg. Jólin snúast um lífskraftinn, þann lífskraft sem er Guð sjálfur. Lífskraftinn sem birtist okkur í fæðingu Jesúbarnsins og minnir okkur á að Guð er með okkur.

Guð gefi okkur öllum gleðileg jól!



Vígsla Kirkjús



Séra Petrína Jóhannesdóttir, séra Guðrún Karls Helgudóttir, frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, séra Vigfús Þór Árnason sóknarprestur, séra Lena Rós Matthíasdóttir og Gísli Jónasson prófastur



Hér má sjá þegar altistarfla Leifs Breiðfjörð var opnuð í Kirkjuselinu. Á myndunum eru séra Vigfús Þór Árnason, Björn Erlingsson, safnaðarfulltrúi og formaður Kirkjuselsnefndar, frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, Leifur Breiðfjörð, séra Guðrún Karls Helgudóttir og Bjarni Kr. Grímsson, formaður sóknarnefndar



Konur í Grafarvogskirkju: Þóra Björg Sigurðardóttir æskulýðsfulltrúi, Erna Reynisdóttir kirkjuritari, séra Guðrún Karls Helgudóttir, Þórkatla Pétursdóttir kirkjuvörður, Anna Einarsdóttir kirkjuvörður og séra Lena Rós Matthíasdóttir

els í Spönginni



Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, vígði Kirkjuselið



Valmundur Ingi Pálsson, gjaldkeri sóknarnefndar, Ingvar Haraldsson ritari sóknarnefndar, Þóra Björg Sigurðardóttir æskulýðsfulltrúi, Bjarni Kr. Grímsson, formaður sóknarnefndar, séra Vigfús Þór Árnason og Björn Erlingsson safnaðarfulltúi voru ánægð í vígsluathöfninni



Björg og Þórunn Hulda Vigfúsdætur, frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, Elín Pálsdóttir og séra Vigfús Þór Árnason

Jólatónleikar í Grafarvogskirkju

Laugardaginn 13. desember kl. 17.00

Komu jólanna fagnað
Jólalögin sungin

Kór Grafarvogskirkju, Vox Populi og Stúlknakór Reykjavíkur í Grafarvogskirkju

Stjórnendur
Hákon Leifsson
Hilmar Örn Agnarsson
Margrét Pálmadóttir



Aðventuhátíð í Grafarvogskirkju

Fyrsta sunnudag í aðventu kl. 20.00

Steinunn Jóhannesdóttir les kafla úr bókinni Jólin hans Hallgríms
(séra Hallgrímur Pétursson)

Fermingarbörn flytja helgileik

Kór Grafarvogskirkju, Vox Populi og Stúlknakór Reykjavíkur í Grafarvogskirkju

Stjórnendur
Hákon Leifsson, Hilmar Örn Agnarsson og Margrét Pálmadóttir

Fiðlusveit Tónlistarskóla Grafarvogs

Stjórnandi:
Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari
Prestar safnaðarins flytja aðventubæn

Allir velkomnir

Grafarvogssókn 25 ára



Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, flytur ávarp



Frá vinstri: Sigmundur Ó. Steinarsson, höfundur afmælisbókarinnar, ávarpar hátíðargesti, kona hans María S. Haraldsdóttir og ritnefnd bókarinnar: Bjarni Kr. Grímsson, Jón G. Hauksson, Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, Magnús Ásgeirsson, Valgerður Þórisdóttir og séra Vigfús Þór Árnason



Altarisganga í afmælistressunni. Prestar Grafarvogssafnaðar þjóna fyrir altari. Talið frá vinstri: séra Arna Ýrr Sigurðardóttir, séra Sigurður Grétar Helgason, séra Guðrún Karls Helgudóttir og séra Vigfús Þór Árnason



Bjarni Kr. Grímsson, formaður sóknarnefndar, afhendir biskupi Íslands afmælisbókina



Stúlknaður Reykjavíkur í Grafarvogskirkju syngur undir stjórn Margrétar Pálmadóttur



Séra Vigfús Þór Árnason sóknarprestur flytur ávarp



Viðurkenning fyrir 25 ára blessunarrikt safnaðarstarf. Talið frá vinstri: séra Vigfús Þór Árnason, sóknarprestur Grafarvogssóknar frá upphafi, Elín Pálsdóttir, í stjórn Safnaðarfélagsins frá upphafi, Valmundur Ingi Pálsson, gjaldkeri sóknarnefndar og félagi í Kór Grafarvogskirkju frá upphafi, Magnús Ásgeirsson fyrrverandi formaður sóknarnefndar, Jóhanna Antonsdóttir, félagi í Kór Grafarvogskirkju frá upphafi, Hildur Gunnarsdóttir, fyrsti ritari sóknarnefndar og félagi í Kór Grafarvogskirkju frá upphafi, Edda Jónsdóttir, í stjórn Safnaðarfélagsins og umsjónarmaður í starfi eldri borgara, Steingrímur Björgvinsson, í sóknarnefnd, Valgerður Gísladóttir, sat í fyrstu sóknarnefnd kirkjunnar, var fyrsti formaður Safnaðarfélagsins og kirkjuvörður, umsjónarmaður í starfi eldri borgara. Á myndina vantar: Ingjaldr Eiðsson, fyrsti gjaldkeri sóknarnefndar, í sóknarnefnd og Sigurð Kristinsson, í sóknarnefnd og formaður byggingarnefndar Grafarvogskirkju

Jólafundur Safnaðarfélags Grafarvogskirkju

Mánudaginn 1. desember kl. 20.00

Við höfum hefðirnar í hávegum og hefjum jólafundinn með ritningarlestri og bæn

Vox Populi syngur jólalög

Stjórnandi og undirleikari: Hilmar Örn Agnarsson

Hinn landskunni Grafarvogsbúi Stefán Jón Hafstein segir frá nýútkominni bók sinni *Afríka – ást við aðra sýn*

Stefán Jón mun sýna úrval þeirra fjölmörgu stórkostlegu mynda sem prýða bókina Hann mun einnig hafa eintök í farteskinu fyrir þá sem vilja tryggja sér bókina

Valgerður Guðjónsdóttir blómaskreytir

sýnir okkur hvernig við getum borið okkur að í jólaskreytingunum

Jólalegar veitingar: smákökur og heitt súkkulaði með rjóma

Við hlökkum til að sjá ykkur sem allra flest og hvetjum ykkur til að taka með gesti og eiga notalega stund með okkur í Grafarvogskirkju

Stjórnin

Gleðileg jól

Arion banki óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Arion banki

Guðsþjónustur á aðventu, jólum og um áramót 2014-2015

30. nóvember, 1. sunnudagur í aðventu Fjölskylduguðsþjónusta í Grafarvogskirkju kl. 11.00

Prestur: séra Guðrún Karls Helgudóttir
Umsjón: Ásthildur Guðmundsdóttir
Undirleikari: Stefán Birkisson
Nemendur úr Tónlistarskóla Grafarvogs

Kirkjuselið í Spöng Aðventuguðsþjónusta með léttu sniði kl. 13.00

Prestur: séra Vigfús Þór Árnason
Vox Populi syngur
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Nemendur úr Tónlistarskóla Hörpunnar

Sunnudagaskóli á sama tíma

Umsjón: Ástríður Guðmundsdóttir
Undirleikari: Stefán Birkisson

Aðventuhátíð í Grafarvogskirkju kl. 20.00

Steinunn Jóhannesdóttir les kafla úr bókinni *Jólin hans Hallgríms*
Fermingarbörn flytja helgileik
Kór Grafarvogskirkju, Vox Populi og Stúlnakór Reykjavíkur í
Grafarvogskirkju syngja
Stjórnendur: Hákon Leifsson, Hilmar Örn Agnarsson og
Margrét Pálmadóttir
Fiðlusveit úr Tónlistarskóla Grafarvogs
Stjórnandi: Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari
Prestar safnaðarins flytja aðventubæn

1. desember, mánudagur

Jólafundur Safnaðarfélagsins kl. 20.00

Sjá auglýsingu í blaðinu

7. desember, 2. sunnudagur í aðventu Guðsþjónusta í Grafarvogskirkju kl. 11.00

Prestur: séra Vigfús Þór Árnason
Þorvaldur Halldórsson leikur og syngur aðventu- og jólalög frá kl. 10.30
Nemendur úr Tónlistarskóla Hörpunnar

Sunnudagaskóli kl. 11.00

Prestur: séra Arna Ýrr Sigurðardóttir
Umsjón: Þóra Björg Sigurðardóttir
Undirleikari: Stefán Birkisson

Kirkjuselið í Spöng

Guðsþjónusta kl. 13.00

Prestur: séra Arna Ýrr Sigurðardóttir
Vox Populi syngur
Organisti: Hákon Leifsson
Nemendur úr Tónlistarskóla Grafarvogs

Sunnudagaskóli á sama tíma

Umsjón: Ástríður Guðmundsdóttir
Undirleikari: Stefán Birkisson

Aðventuguðsþjónusta á Hjúkrunarheimilinu Eir kl. 15.30

Þorvaldur Halldórsson leikur aðventu- og jólalög frá kl. 15.00
Prestur: séra Vigfús Þór Árnason

13. desember, laugardagur

Jólatónleikar í Grafarvogskirkju kl. 17.00

Komu jólaanna fagnað

Kór Grafarvogskirkju, Vox Populi og Stúlnakór Reykjavíkur í
Grafarvogskirkju syngja jólalög
Stjórnendur: Hákon Leifsson, Hilmar Örn Agnarsson og Margrét
Pálmadóttir

14. desember, 3. sunnudagur í aðventu

Guðsþjónusta í Grafarvogskirkju kl. 11.00

Vísitasía vígslubiskups, séra Kristjáns Vals Ingólfssonar
Innsetning: séra Gísli Jónasson prófastur setur
séra Örmu Ýrr Sigurðardóttur í prestsembætti
Prestar kirkjunnar þjóna fyrir altari
Kór Grafarvogskirkju syngur
Organisti: Hákon Leifsson

Nemendur úr Tónlistarskóla Grafarvogs
Kaffisamsæti eftir messu

Sunnudagaskóli kl. 11.00

Umsjón: Þóra Björg Sigurðardóttir
Undirleikari: Stefán Birkisson

Kirkjuselið í Spöng

Guðsþjónusta kl. 13.00

Prestur: séra Guðrún Karls Helgudóttir
Vox Populi syngur
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Nemendur úr Tónlistarskóla Hörpunnar

Sunnudagaskóli á sama tíma

Umsjón: Ástríður Guðmundsdóttir
Undirleikari: Stefán Birkisson

21. desember, 4. sunnudagur í aðventu

Barna- og fjölskylduguðsþjónusta í Grafarvogskirkju kl. 11.00

Jólaball - Jólasveinar koma í heimsókn
Prestur: séra Arna Ýrr Sigurðardóttir
Umsjón: Þóra Björg Sigurðardóttir
Undirleikari: Stefán Birkisson
Nemendur úr Tónlistarskóla Hörpunnar

Kirkjuselið í Spöng

Guðsþjónusta kl. 13.00 – Jólásálmamessa

Prestur: séra Sigurður Grétar Helgason
Vox Populi syngur
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Nemendur úr Tónlistarskóla Grafarvogs

24. desember, aðfangadagur jóla

Beðið eftir jólnum

Barnastund í Grafarvogskirkju kl. 15.00

Umsjón: Þóra Björg Sigurðardóttir
Jólasögur og jólasöngvar

Aftansöngur í Grafarvogskirkju kl. 18.00

Tónlistarflutningur
Prestur: séra Vigfús Þór Árnason
Kór Grafarvogskirkju syngur ásamt Stúlnakór Reykjavíkur í
Grafarvogskirkju
Einsöngur: Egill Ólafsson
Fiðla: Matthías Stefánsson
Organisti: Hákon Leifsson
Kórstjóri Stúlnakórs: Margrét Pálmadóttir
Aftansöngnum verður sjónvarpað beint á Stöð2 og visir.is og útvarpað á Bylgjunni

Aftansöngu í Kirkjuselinu í Spöng kl. 18.00

Prestur: séra Guðrún Karls Helgudóttir
Kór: Vox populi syngur
Einsöngur: Margrét Eir Hönnudóttir
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

Miðnættuguðsþjónusta í Grafarvogskirkju kl. 23.30

Prestur: séra Arna Ýrr Sigurðardóttir
Félagar úr Kammerkór kirkjunnar syngja
Organisti: Hákon Leifsson

25. desember, jóladagur

Hátíðarguðsþjónusta í Grafarvogskirkju kl. 14.00

Prestur: séra Sigurður Grétar Helgason
Pétur Pétursson prófessor prédikar
Kór Grafarvogskirkju syngur
Einsöngur: Garðar Thór Cortes
Organisti: Hákon Leifsson

Hátíðarguðsþjónusta á Hjúkrunarheimilinu Eir kl. 15.30

Prestur: séra Vigfús Þór Árnason
Kór Grafarvogskirkju syngur
Einsöngur: Garðar Thór Cortes
Organisti: Hákon Leifsson



26. desember, annar í jólum

Jólastund við jötuna í Grafarvogskirkju kl. 11.00

Prestur: séra Guðrún Karls Helgudóttir
Stúlknakór Reykjavíkur í Grafarvogskirkju syngur
Stjórnandi: Margrét Pálmadóttir
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Útvarpað verður frá jólastundinni

28. desember

Jazz messa í Grafarvogskirkju kl. 11.00

Prestur: dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson
Kvartett Björns Thoroddsen leikur

31. desember, gamlársdagur

Aftansöngur í Grafarvogskirkju kl. 18.00

Prestur: séra Vigfús Þór Árnason
Kór Grafarvogskirkju syngur
Einsöngur: Jóhann Friðgeir Valdimarsson
Organisti: Hákon Leifsson

1. janúar 2015, nýársdagur

Hátíðarguðsþjónusta í Grafarvogskirkju kl. 14.00

Prestur: séra Arna Ýrr Sigurðardóttir
Kór Grafarvogskirkju syngur
Einsöngur: Þóra Björg Sigurðardóttir
Organisti: Hákon Leifsson

4. janúar

Messa í Grafarvogskirkju kl. 11.00

Prestur: séra Sigurður Grétar Helgason
Kór Grafarvogskirkju syngur
Organisti: Hákon Leifsson

11. janúar

Frímúramessa í Grafarvogskirkju kl. 11.00

Prestur: séra Vigfús Þór Árnason
Prédikun: Sigurður Kr. Sigurðsson
Fiðla: Hjörleifur Valsson
Selló: Örnólfur Kristjánsson
Frímúrarakórinn syngur
Stjórnendur og organistar: Hákon Leifsson, Jónas Þórir og Hilmar Örn Agnarsson
Allir velkomnir

Sunnudagaskóli kl. 11.00

Prestur: séra Guðrún Karls Helgudóttir
Umsjón: Þóra Björg Sigurðardóttir
Undirleikari: Stefán Birkisson

Kirkjuselið í Spöng

Guðsþjónusta kl. 13.00

Prestur: séra Guðrún Karls Helgudóttir
Vox Populi syngur
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

Sunnudagaskóli á sama tíma

Umsjón: Ástríður Guðmundsdóttir
Undirleikari: Stefán Birkisson

18. janúar

Guðsþjónusta í Grafarvogskirkju kl. 11.00

Fundur með fermingarbörnum úr Foldaskóla og foreldrum þeirra
Prestar: séra Guðrún Karls Helgudóttir og séra Vigfús Þór Árnason
Kór Grafarvogskirkju syngur
Organisti: Hákon Leifsson

Sunnudagaskóli kl. 11.00

Prestur: séra Sigurður Grétar Helgason
Umsjón: Þóra Björg Sigurðardóttir
Undirleikari: Stefán Birkisson

Kirkjuselið í Spöng

Guðsþjónusta kl. 13.00

Prestur: séra Sigurður Grétar Helgason
Vox Populi syngur
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

Sunnudagaskóli á sama tíma

Umsjón: Ástríður Guðmundsdóttir
Undirleikari: Stefán Birkisson

25. janúar

Guðsþjónusta í Grafarvogskirkju kl. 11.00

Fundur með fermingarbörnum úr Rimaskóla og foreldrum þeirra
Prestar: séra Sigurður Grétar Helgason og séra Vigfús Þór Árnason
Kór Grafarvogskirkju syngur
Organisti: Hákon Leifsson

Sunnudagaskóli kl. 11.00

Prestur: séra Arna Ýrr Sigurðardóttir
Umsjón: Þóra Björg Sigurðardóttir
Undirleikari: Stefán Birkisson

Kirkjuselið í Spöng

Guðsþjónusta kl. 13.00

Prestur: séra Arna Ýrr Sigurðardóttir
Vox Populi syngur
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

Sunnudagaskóli á sama tíma

Umsjón: Ástríður Guðmundsdóttir
Undirleikari: Stefán Birkisson

1. febrúar

Guðsþjónusta í Grafarvogskirkju kl. 11.00

Fundur með fermingarbörnum úr Vætaskóla Engi og Kelduskóla Vík og foreldrum þeirra
Prestar: séra Arna Ýrr Sigurðardóttir séra Vigfús Þór Árnason
Kór Grafarvogskirkju syngur
Organisti: Hákon Leifsson

Sunnudagaskóli kl. 11.00

Prestur: séra Guðrún Karls Helgudóttir
Umsjón: Þóra Björg Sigurðardóttir
Undirleikari: Stefán Birkisson

Kirkjuselið í Spöng

Guðsþjónusta kl. 13.00

Prestur: séra Guðrún Karls Helgudóttir
Vox Populi syngur
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson

Sunnudagaskóli á sama tíma

Umsjón: Ástríður Guðmundsdóttir
Undirleikari: Stefán Birkisson

Fermingarfræðslan hefst á ný mánudaginn 5. janúar samkvæmt stundaskrá

Prestar:

Séra Vigfús Þór Árnason sóknarprestur
Séra Guðrún Karls Helgudóttir
Séra Arna Ýrr Sigurðardóttir
Séra Sigurður Grétar Helgason

Organisti og kórstjóri: Hákon Leifsson

Organisti og kórstjóri í Kirkjuselinu í Spöng: Hilmar Örn Agnarsson

Kórstjóri Stúlknakórs Reykjavíkur í Grafarvogskirkju: Margrét Pálmadóttir

Kirkjuverðir: Þórkatla Pétursdóttir og Herdís Guðbrandsdóttir

Kirkjuvörður í Kirkjuseli: Erla Karlsdóttir

Ritari: Erna Reynisdóttir

Æskulýðsfulltrúi: Þóra Björg Sigurðardóttir

Jólabókin í ár

Grafarvogssókn 25 ára
Til sölu í bókabúð Grafarvogs



Jólatónleikar Vox Populi 19. desember kl. 20.00

Nú er komið að því að Vox Populi haldi sína fyrstu jólatónleika
Tónleikarnir verða haldnir í Grafarvogskirkju

Miðverð er 2000 kr. Frítt fyrir 12 ára og yngri
Miðar verða seldir við innganginn

Lögin sem flutt verða eru afar fjölbreytt, allt frá sígildum
jólalögum yfir í lög sem í gegnum tíðina hafa skapað sér sess í
jólagleðinni

Með okkur verður Trío Kjartans Valdemarssonar og beatboxarinn
Arnar Ingi Richardsson

Einsöngvarar koma úr röðum kórsins og stjórnandi er að
sjálfsögðu Hilmar Örn Agnarsson

Hlökkum til að eiga með ykkur notalega jólastund



Kyrrðarstundir í Grafarvogskirkju

Alla miðvikudaga kl.12:00

Altarisganga, sálmasöngur og bænir

Að lokinni stundinni
er boðið upp á léttan hádegisverð


Allir velkomnir

Foreldramorgnar

Alla fimmtudaga frá kl. 10.00 -12.00
í Kirkjuselinu í Spönginni

**Gott samfélag
söngvar
leikur barnanna**

*Allir velkomnir
Pabbar og mömmur*



Gleðileg jól

Safnaðarfélag Grafarvogskirkju hefur gefið út jólakort í tilefni af 25 ára afmæli Grafarvogssóknar.

Sala jólakortanna er mikilvægur þáttur í fjármögnun fjölmargra verkefna félagsins í sókninni.

Kortin eru seld í Grafarvogskirkju og Bókabúð Grafarvogs en einnig er hægt að panta þau á netfanginu bergtora.vals@gmail.com



TM sendir þér og þínum bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári

***Kveðja,
Starfsfólk TM***

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN // Síðumúla 24
108 Reykjavík // Sími 515 2000
tm@tm.is // www.tm.is





Litrík saga

Tuttugu og fimm ár eru ekki langur tími í sögu safnaðar. Engu að síður er tuttugu og fimm ára saga Grafarvogssafnaðar saga af kraftmiklu og fjölbreyttu starfi – allt frá stofnun safnaðarins hinn 5. júní 1989.

Stutt saga Grafarvogssafnaðar er litrík. Fyrstu guðsþjónusturnar voru í félagsmiðstöðinni Fjörgyn í Foldaskóla. Þar tók kirkjukórinn til starfa og þar var safnaðarfélagið sömuleiðis stofnað. Hið öfluga barnastarf í Fjörgyn vakti fljótt athygli.

Eftir að flutt var á neðri hæð Grafarvogskirkju 12. desember 1993 breyttist allt starf safnaðarins og hið geysilega fjölbreytta starf tók að blómstra sem aldrei fyrr. Barna- og unglingakórar voru stofnaðir, æskulýðsstarfið eflidist og eldri borgarar fundu sinn samastað. Þegar aðalsalur kirkjunnar var vígður 18. júní 2000 varð tónlistarlífið í kirkjunni sérlega öflugt. Sannast sagna þykir það mikið afrek að Grafarvogsbúar skuli hafa komið hinni stóru og glæsilegu kirkju sinni upp á aðeins níu árum eftir að fyrsta skóflustungan var tekin 18. maí 1991.

Í þessari bók er sagt frá hinu umfangsmikla starfi Grafarvogssafnaðar, langstærsta safnaðar landsins – sagan er rifjuð upp. Lögð er áhersla á að hafa bókina sem læsilegasta og að fjöldi mynda og stuttar frásagnir einkenni hana.

Sigmundur Ó. Steinarsson rithöfundur hefur tekið saman efni bókarinnar og haft umsjón með vinnslu hennar. Afar vel hefur tekist til og er bókinn hin glæsilegasta.